

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
og
Reykjanesbær**

gera með sér svohljóðandi samkomulag um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit
á grundvelli 83. gr. laga nr. 138/2011

1. gr.

Aðdragandi

Með vísan til erindis bæjarstjórnar Reykjanesbæjar dags. 6. október 2017 og umsagnar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 12. október 2017, gera samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Reykjanesbær með sér eftifarandi samkomulag á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkomulagið er framleining á fyrra samkomulagi aðila frá 30. desember 2014 sem endurnýjað var 15. desember 2015 og 22. desember 2016, sem Reykjanesbær hefur unnið eftir.

2. gr.

Markmið

Markmið samkomulagsins er að stuðla að áframhaldandi markvissri vinnu við hagræðingu í rekstri Reykjanesbæjar svo að fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga verði náð.

3. gr.

Skyldur Reykjanesbæjar

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar vinnur eftir aðlögunaráætlun sveitarfélagsins í samræmi við bráðabirgðaákvæði II við sveitarstjórnarlög og V. kafla reglugerðar nr. 502/2012, þar sem því er líst hvernig fjármál Reykjanesbæjar uppfylla fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga eigi síðar en á árinu 2022. Aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 18. apríl 2017 og staðfest af eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þann 26. apríl 2017.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar skuldbindur sig til að halda áfram nauðsynlegum aðgerðum til að ná eftifarandi markmiðum aðlögunaráætlunar og til að fylgja ákvæðum sveitarstjórnarlaga um fjármál í hvívetna.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar skal ná eftifarandi markmiðum aðlögunaráætlunar í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2018:

- a. Framlegð frá rekstri A og B hluta verði að lágmarki 20,0% (A-hluta að lágmarki 9,0%) í hlutfalli við rekstrartekjur á árinu 2018.
- b. Rekstrarniðurstaða A og B hluta verði að lágmarki 0,1% (A-hluta að lágmarki -0,2%) í hlutfalli við rekstrartekjur á árinu 2018.
- c. Skuldbundið fyrir A og B hluta verði ekki hærra en 183% (A-hluta ekki hærra en 178%) á árinu 2018.

Með samþykkt aðlögunaráætlunar hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar skuldbundið sveitarfélagið til að haga fjármálum sínum til samræmis við aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar til ársins 2022. Samþykktin nær jafnt til ráðstöfunar tekna, gjalda, fjárfestingar og lántöku, allt eftir því sem nánar er tiltekið í aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar.

Bæjarstjórn Reykjaneshæjar skal gera uppgjör í lok hvers ársfjórðungs ársins 2018 ásamt greiningu á frávikum frá fjárhagsáætlun og viðbrögðum við þeim ef þörf er á. Útkomuspá fyrir árið 2018 skal liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2018. Bæjarstjórn skal upplýsa eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um framgang samkomulagsins og eftirfylgni af hálfu bæjarstjórnar. Komi til þess að gera þurfi viðauka við fjárhagsáætlun, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga og 18. gr. reglugerðar nr. 502/2012, skal Reykjaneshær óska eftir heimild eftirlitsnefndar áður en viðaukinn er gerður og lagður fyrir bæjarstjórn. Reykjaneshær skal veita greiðlega allar upplýsingar sem beðið verður um varðandi fjármál sveitarfélagsins og framkvæmd þessa samkomulags af hálfu eftirlitsnefndar.

4. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd Reykjaneshæjar á samkomulagi þessu, sbr. lokamálslið 3. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eftirlitsnefnd undirbýr og boðar til að minnsta kosti eins formlegs samráðsfundar með bæjarstjórn Reykjaneshæjar á samningstímanum þar sem framvinda samkomulagsins er rædd.

Eftirlitsnefnd gefur ráðherra skýrslu um framkvæmd samkomulagsins í október 2018 eða fyrr, sé talin ástæða til. Þar verða eftir atvikum settar fram tillögur um framhald þess.

5. gr.

Stjórn og ábyrgð

Stjórn og ábyrgð fjármála Reykjaneshæjar er í höndum bæjarstjórnar og er öll framkvæmd og ákvarðanir, sem tekna verða á grundvelli samkomulags þessa, á ábyrgð hennar. Bæjarstjórn Reykjaneshæjar skal tafarlaust tilkynna samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um breytingar sem kunna að hafa áhrif á fyrirætlanir hennar samkvæmt samkomulaginu.

6. gr.

Gildistaka og gildistími

Gildistími þessa samkomulags er til 31. desember 2018 en gildistaka þess er háð samþykki bæjarstjórnar Reykjaneshæjar. Aðilar eru sammála um að tveimur mánuðum fyrir lok gildistímans fari fram viðræður um framgang þess og árangur.

Reykjavík, 16. október 2017

Reykjaneshær
F.h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Káraun María Ólafsdóttir
F.h. Reykjaneshær
REYKJANESBÆ